

Kópavogsbær  
Bergljót Sigríður Einarsdóttir  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík, 6. júní 2023  
UST202304-278/A.B.  
10.04.02

**Efni: Breyting á aðalskipulagi Kópavogs 2019 - 2040, Vatnsendahvarf-  
Vatnsendahæð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs er barst 27. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2019 – 2040 fyrir Vatnsendahvarf.

Í greinargerð kemur fram breytingin nær yfir svæðin ÍB-6, S-27 og S-67, VP-20, OP-5.13 og MV-9. Vegna íbúðarsvæðis, ÍB-6, eru uppfærðir skilmálar fyrir útvarpshúsið, verslunar- og þjónustustarfsemi, leik- og grunnskóla, fjarskipti o.fl. Leikskólar, S-27, breyting á skilmálum fyrir leikskóla eða samþættan leik- og grunnskóla. Skólar, kirkjur, félög/samfélagsþjónusta, S-67, skilmálar gilda nú fyrir einn reit en ekki tvo. Verslunar- og þjónustusvæði VP-20 er fellt út. Opin svæði, OP-5.13, skilmálum bætt við um hundagerði, fjarskipti, dvalar- og leiksvæði og útsýnis- og upplýsingastað.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Björn Stefánsson  
**sérfræðingur**